

Föstudaginn 19. nóvember 1993.

Nr. 449/1993. **Helgi Rúnar Magnússon**

gegn

Halldóru Erlendsdóttur.

Kærumál. Aðför. Víxill.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með ódagsettri kæru, er barst Héraðsdómi Reykjavíkur 3. nóvember 1993. Kærugögn bárust Hæstarétti 5. sama mánaðar. Kæruheimild er í 4. mgr. 91. gr. laga um aðför nr. 90/1989.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og sér dæmdur málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Eigi verður séð af áritun á bakhlið hins umdeilda víxils, hver hafi leyst hann til sín. Með þessari athugasemd verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

Dæma ber sóknaraðila til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, eins og segir í dómsorði, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Helgi Rúnar Magnússon, greiði varnaraðila, Halldóru Erlendsdóttur, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. október 1993.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 16. september 1993 að afloknum munnlegum málflutningi.

Sóknaraðili málsins er Halldóra Erlendsdóttir, kt. 220447-2789, Lynghaga 1, Reykjavík.

Varnaraðili málsins er Helgi Rúnar Magnússon, 060958-7349, Frostaskjóli 41, Reykjavík.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að hnekkkt verði þeirri ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 2. júní 1993, að fram skuli fara fjárnám hjá sóknaraðila. Þá er þess krafist, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað að mati réttarins, og beri málskostnaður virðisaukaskatt, þar sem sóknaraðili sé ekki virðisaukaskattsskyldur.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að staðfest verði með dómi sú ákvörðun fulltrúa sýslumannsins í Reykjavík frá 2. júní 1993, að fjárnám skuli fara fram hjá sóknaraðila. Þá er krafist málskostnaðar til handa varnaraðila úr hendi sóknaraðila að mati réttarins.

I.

Málavextir eru þeir, að með aðfararbeiðni, dagsettri 28. desember 1992, krafðist lögmaður varnaraðila þessa máls fjárnáms hjá sóknaraðila málsins fyrir víxilkröfu varnaraðila. Fjárnámsgerðin var fyrst tekin fyrir 2. júní 1993, en lögmaður sóknaraðila var við þá gerð og mótmælti framgangi hennar á þeirri forsendu, að varnaraðili væri ekki eigandi kröfunnar, heldur Jónas Guðmundsson, sem einnig var við gerðina og lýsti yfir, að hann væri eigandi kröfunnar. Lögmaður varnaraðila krafðist þess, að gerðinni yrði fram haldið, og ákvað fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík, að órökstudd mótmæli stöðvuðu ekki framgang gerðarinnar. Var gerðinni síðan frestað til næsta dags, og fór fjárnámið fram þann dag.

II.

Af hálfu sóknaraðila er því fram haldið, að varnaraðili sé ekki réttur eigandi umrædds víxils. Honum hafi verið falið af Jónasi Guðmundssyni hdl. að rjúfa fyrningu á víxlinum, til þess að hægt væri að innheimta hann á sóknaraðila, ef þörf yrði á. Varnaraðili hefði aldrei verið eigandi víxilsins, enda beri hann ekki með sér á nokkurn hátt, að svo sé.

Eftir að fyrningu hefði verið slitið, hefði Jónasi Guðmundssyni hdl. verið greiddur víxillinn, en þegar hann hugðist ná honum úr vörslum varnaraðila, hefði hann ekki fengið því framgengt, og hefði víxillinn verið innheimtur af fullri hörku. Þá sé ljóst, að varnaraðili hafi falið Ólafi Sigurgeirssyni hrl. að verða við beiðni Jónasar um að rjúfa fyrningu víxilsins, en með því að fela honum áframhaldandi innheimtu víxilsins í sínu nafni hefði varnaraðili farið út fyrir umboð sitt sem lögmaður.

III.

Varnaraðili kveður málavexti þá, að í desember 1992 hafi hann falið lögmanni sínum til innheimtu víxil, að fjárhæð 620.000 kr., sem út gefinn var 6. desember 1989 af Jónasi Guðmundssyni, en samþykktur af sóknaraðila, til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, 30. desember 1989.

Hafi greiðsluáskorun verið send sóknaraðila 10. desember 1992 og aðfararbeiðni afhent sýslumanninum í Reykjavík 28. desember 1992.

Í byrjun árs 1993 hafi sóknaraðili verið boðuð til aðfarar, en ekki sinnt því. Boðunin hafi verið margítrekuð án árangurs, en milli boðana hafi komið mörg greiðsluloforð frá Sigurði Kárasyni, sem hefði lofað sóknaraðila að leysa hana undan þessari víxilskuldbindingu. Að lokum hefði fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík gripið til þess ráðs að leita atbeina lögreglu til að koma sóknaraðila til fjárnáms. Við þá fyrirtöku hefði sóknaraðili ekki verið, en í hennar stað Símon Ólason hdl. og Jónas Guðmundsson lögfræðingur. Hefðu þeir mótmælt fjárnámi á þeirri forsendu, að Jónas væri eigandi víxilsins, án þess þó að leiða svo mikið sem líkur að því. Gerðarbeiðandi hefði ítrekað kröfu sína um, að sóknaraðili mætti til fjárnáms. Það hefði hún gert 3. júní 1993 og bent á eign sína, Fjörð 1, Seyðisfirði. Með beiðni, dagsettri 12. júní 1993, hafi síðan verið beðið um þá dómsathöfn, sem hér sé til umfjöllunar.

Varnaraðili kveður málsástæður sínar vera þær, að hann sé eigandi þess víxils, sem mál þetta fjalli um. Auk þess sé hann réttur víxilhafi að lögum. Samkvæmt 16. gr. víxillaga nr. 93/1933 skuli sá, sem víxil hafi í höndum, talinn réttur víxilhafi, ef hann sanni rétt sinn með óslitinni röð af framsölum, þótt hið síðasta sé eyðuframsal. Í 2. mgr. 13. gr. sömu laga segi, að framsal sé gilt, þótt eigi sé greint í því, hverjum víxillinn sé framseldur, eða framseljandi aðeins ritað nafn sitt (eyðuframsal). Víxill sá, sem mál þetta fjalli um, sé framseldur eyðuframsali af Jónasi Guðmundssyni. Víxillinn sé formlega í réttu horfi og varnaraðili því ófengjanlega víxilhafi í skilningi víxillaga og því réttur aðili að dómsmáli um víxilinn.

Um lagarök vísar varnaraðili til ákvæða víxillaga nr. 93/1933, einkum 13. og 16. gr. Um málskostnaðarkröfu er vísað til 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

IV.

Í máli þessu er deilt um það, hvort sú ákvörðun fulltrúa sýslumannsins í Reykjavík frá 2. júní sl., að fram skyldi fara fjárnám hjá sóknaraðila að kröfu varnaraðila samkvæmt víxilkröfu, verði hnekkt.

Samkvæmt 8. tl. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989 má gera aðför til fullnustu kröfum samkvæmt víxlum og tékkum. Aðfararhæfið er bundið við kröfu á grundvelli gilds víxil- eða tékkaréttar, þ. e. a. s., þau verða að fullnægja kröfum víxillaga eða tékkalaga um form skuldbindingarinnar.

Víxill sá, sem var grundvöllur kröfu varnaraðila máls þessa við aðfarargerðina hjá sýslumanninum í Reykjavík 3. júní sl., fullnægir formskilyrðum 1. gr., sbr. 2. gr. víxillaga nr. 93/1933. Þá er víxillinn ófyrndur, en samkvæmt fram lögðum gögnum málsins var greiðsluáskorun send sóknaraðila

10. desember 1992 og aðfararbeiðni móttækin af sýslumanninum í Reykjavík 29. desember s. á.

Sóknaraðili styður mál sitt því, að varnaraðili sé ekki réttur eigandi víxilsins, enda beri hann það ekki með sér á nokkurn hátt, að svo sé, og sé því hér um aðildarskort að ræða. Af hálfu sóknaraðila kom fyrir dóminn Jónas Guðmundsson lögfræðingur, kt. 280261-2039, Rauðagerði 33, Reykjavík, og kvaðst hann hafa fengið ofan nefndan víxil sem greiðslu frá sóknaraðila, en afhent hann varnaraðila, sem hafi sýnt áhuga á að kaupa kröfur. Víxillinn hefði legið hjá varnaraðila í hálft annað ár, án þess að af kaupum yrði, og hefði vitnið óskað eftir því við varnaraðila í byrjun þessa árs, að hann hætti öllum innheimtuaðgerðum. Það hefði hins vegar ekki orðið, og hefði varnaraðili borið því við, að lögmaður sinn vildi halda málinu áfram.

Margnefndur víxill er gefinn út af Jónasi Guðmundssyni, en samþykktur til greiðslu af sóknaraðila, Halldóru. Útgefandi framselur síðan víxilinn, og hann er að lokum ábektur af Pólum hf. Pólar hf. teljast hafa öðlast víxilinn við eyðuframsal Jónasar Guðmundssonar, sbr. 3. málslið 16. gr. laga nr. 93/1933, og hafa síðan innleyst víxilinn samkvæmt stimpli á bakhlið hans 27. febrúar 1990 frá Samvinnubanka Íslands hf. Hlutfélagið Pólar verður því talið lögformlegur handhafi samkvæmt efni víxilsins með þeim réttindum, sem því fylgir, sbr. 49. gr. víxillaga. Þá verður ekki séð af gögnum málsins, að sá, sem innleysir, hafi notfært sér úrræði 2. mgr. 50. gr. laga nr. 93/1933, þ. e. að strika yfir nafn sitt og gera þannig eyðuframsal Jónasar Guðmundssonar að síðasta framsali á víxlinum.

Samkvæmt ofansögðu verður ekki fallist á það með varnaraðila, að hann hafi sýnt fram á það með óslitinni röð af framsölum, að hann sé réttur víxilhafi í skilningi 1. mgr. 16. gr. víxillaga. Þykir því verða þegar af þeirri ástæðu að taka þá kröfu sóknaraðila til greina, að hnekkt verði þeirri ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 2. júní 1993, að fram skyldi fara fjárnám hjá sóknaraðila, og er því felld úr gildi aðfarargerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 11/1993/00706, sem gerð var 3. júní sl.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðila 40.000 kr. í málskostnað. Við ákvörðun málskostnaðar hefur verið tekið tillit til skyldu sóknaraðila til greiðslu virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Úrskurðinn kvað upp Arnfríður Einarsdóttir, fulltrúi dómstjóra.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregist vegna embættisanna dómarsans.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Aðfarargerð sýslumannsins í Reykjavík nr. 11/1993/00706, sem gerð var 3. júní 1993, er felld úr gildi.

Varnaraðili, Helgi Rúnar Magnússon, greiði sóknaraðila, Halldóru Erlendsdóttur, 40.000 kr., þar með talinn virðisaukaskattur, í málskostnað.
